

Golfnámskeið hjá Golfklúbbnum Setbergi Sumarið 2022

Fyrir krakka á aldrinum 8 – 14 ára

Dagskrá:

- Farið er yfir helstu golfsiði og reglur.
- Farið er yfir helstu undirstöðuatriði golfíþróttarinnar, s.s. grip, sveiflu, vipp og pútt.
- Leikið golf á æfingavelli Golfklúbbsins Setbergs.
- Allir eiga að taka með sér hollt og gott nesti.
- Síðasta morguninn verður boðið upp á pylsur ásamt því að allir fá afhent viðurkenningarskjal.

**Golfnámskeiðið verður frá klukkan 9:00 til 12:00
þann 13., 14., 15. og 16. júní.**

Markmiðið er að vekja áhuga krakkanna á golfíþróttinni og býðst þeim sem mæta á golfnámskeiðið að mæta á skipulagðar æfingar hjá Golfklúbbnum Setbergi sem verða þrisvar sinnum í viku í sumar. Æfingarnar verða á mánudögum (17-18), miðvikudögum (18-19) og laugardögum (10-11).

Með þessu vonumst við til að viðhalda þeim áhuga sem oft myndast hjá krökkum á golfnámskeiðum.

Þeir sem taka þátt í námskeiðinu mega spila á æfingavellinum í sumar.

Verðið fyrir allt framangreint er **15.000 kr.**

Skráning fer fram með því að senda tölvupóst á netfangið **gse@gse.is** eða með því að hringja í síma **773 7993**.

Afrekskylfingurinn **Guðrún Brá Björgvinsdóttir** mun sjá um golfnámskeiðið. Henni til aðstoðar verða starfsmenn Golfklúbbsins Setbergs. **Guðjón Daníelsson** PGA-golfkennari sér um mánudagsæfingarnar.

Nánari upplýsingar má fá með því að senda tölvupóst á netfangið **gse@gse.is** eða hringja í síma **844 3589**.

